
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Sparibrúin yfir Bjarnafjarðará

**Skýrsla til 3. Haustþings Fjórðungssambands
Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5.-6. október 2018**

1. Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngu- og fjarskiptamál

„ Innan véganda Fjórðungssambands Vestfirðinga starfar Fastanefnd um samgöngumál, en henni var komið á laggirnar árið 2004. Nefndin fundar reglulega og gætir hagsmunu Vestfirðinga í samgöngu- og fjarskiptamálum, stendur fyrir stefnumótun í málaflokknum, heldur málþing og þrýstir á ríkisvaldið með margvíslegum hætti. Nefndin hefur samvinnu við sveitarfélögum á Vestfjörðum og ríkið eftir því sem mögulegt er. Skýrsla nefndarinnar er flutt árlega á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og jafnan eru samþykktar þar ályktanir um samgöngumál sem beint er til stjórnvalda.“ (<http://fjordungssamband.is/samgongunefnd/>)

Kosið var í núverandi Samgöngunefnd á Fjórðungsþinginu 2014 og lokið að skipa í nefndarina á fundi stjórnar FV þann 23. október 2014. Allir aðal- og varamenn gáfu áfram kost á sér á Vorþingi Fjórðungssambandsins, 4. maí 2016. Fyrir þetta haustþing er nefndin því skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Aðalfulltrúar:

Sigurður Hreinsson, formaður, Ísafjarðarbær
Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær

Varafulltrúar:

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi
Magnús Jónsson, Vesturbýggð
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppi,

Síðasta skýrsla Samgöngunefndar var lögð fyrir Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 29. september 2017 og starfsárið því slétt ár og telja fundir nefndarinnar fimm á þeim tíma. Fyrsti fundurinn þetta starfsár var haldinn þann 31. október 2017 og var hann haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Næsti fundur var haldinn þann 23. mars 2018 og var sá fundur einnig haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Þriðji fundurinn, var haldinn þann 4. apríl 2018 í tilefni af heimsókn Samgönguráðs og var það stækkuð nefnd, með aðal- og varafulltrúum í Samgöngunefnd FV sem og að boðið var öllum framkvæmdastjórum eða starfandi oddvitum sveitarfélaganna að mæta. Fundurinn var haldinn í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða á Ísafirði. Fyrr um daginn fóru formaður Samgöngunefndar og nokkrir starfsmenn Vestfjarðastofu í flugvalla-vetvangsferð með Samgögnuráð um norðurhluta Vestfjarða.

Fjórði fundurinn var haldinn 23. júlí 2018. Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Fimmti og síðasti fundurinn var svo haldinn þann 25 september sl. jafnframt í gegnum fjarfundarbúnað.

2. Verkefni nefndarinnar samkvæmt stefnumörkun FV 2016-2018

(4.8) Atvinnu og byggðamál

A (4.8.1.) Fjórðungssamband Vestfirðinga skal fylgja eftir þeirri kröfu á stjórnvöld að staðið verði við fyrirheit um að samgöngubætur á Vestfjörðum fái forgang í samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma litið. Samfélag Vestfjarða líður fyrir það að vegir og fjarskipti eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist og gengur í nútímasamfélagi.

B (4.8.2.) Brýnustu úrlausnarefnin í vegagerð á Vestfjörðum 2015-2018 eru:

1. Að vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60 verði lokið með útboði eigi síðar en haustið 2016.
2. Að staðið verði við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 með útboði fyrir árslok 2016 og að endurgerð vega um Dynjandisheiði verði flýtt eins og kostur er.
3. Að unnið verði að uppbyggingu nýs heilsársvegar í Árneshrepp án frekari tafa, þar sem næsti áfangi er Veiðileysuháls í beinu framhaldi af útboði á vegagerð um Bjarnarfjarðarháls.
4. Endurbygging stofnvega með einbreiðu slitlagi, þar sem brýnust er endurbygging Djúpvegar 61 í Seyðisfirði og Hestfirði í samræmi við áherslur Vegagerðarinnar.
5. Áfram verði unnið að því að útrýma einbreiðum brúm á Vestfjörðum. .
6. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur verði sett á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargögnum.

Markmiðið með þessum áföngum er að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta.

C (4.8.3.) FV gerir þá kröfu á stjórnvöld að sett verði fram verkefnaáætlun um gerð jarðgangagna til ársins 2040 og fjármunir settir til rannsóknar á jarðgangakostum.

D (4.8.4.) Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum verður lokið á árinu 2016 og síðustu þéttbýlisstaðirnir tengdir ljósleiðarakerfinu samkvæmt fyrirheitum stjórnvalda. FV skal fylgja eftir að sá áfangi náist og verði án tafa fylgt eftir með tengingum heimila og fyrirtækja í dreifbýli. FV skal stuðla að samstarfi sveitarfélaga um lagningu ljósleiðara og kanna grundvöll um samráðshópa um staðsetningu ljósleiðara.

E (4.8.5.) FV skal leggja sitt af mörkum til að knýja á um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn, enda er hátt þjónustustig fjarskipta ein grunnforsenda þess að viðunandi búsetuskilyrði séu til staðar um allt land.

F (4.8.6.) Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. FV skal standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Reykjavíkurflugvöllur er grundvöllur fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar. FV beitir sér fyrir því að við stefnumótun í samgöngumálum og forgangsröðun fjármuna til samgönguverkefna verði ávallt horft til þess að fyrir hluta landsmanna eru flugsamgöngur eini raunhæfi valkosturinn þegar kemur að almenningssamgöngum.

G (4.8.7.) FV skal vinna að því, í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta.

H (4.8.8.) FV skal vinna að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði ólíkra samgöngumáta.

I (4.8.9.) FV styður áform stjórnvalda um lengingu ferðamannatímans. Viðhald vega, öflug vetrarþjónusta og örugg fjarskipti eru lykill að uppbyggingu heilsárferðaþjónustu. Auk endurbóta á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Dynjanda, Trékyllisvík og Kaldalóni.

J (4.8.10.) FV skal beita sér fyrir því að í opinberri stefnumótun um ferðaþjónustu og uppbyggingu innviða í samgöngumálum verði horft til þess að fjölgum komum og brottfórum erlendra ferðamanna á öðrum stöðum en SV-horninu.

K (4.8.16.) FV beita sér fyrir því að unnin verði kerfisáætlun fyrir raforku- og gagnaflutninga á Vestfjörðum. Meginmarkmiðið er að tengja virkjun Hvalár í Ófeigfsfirði, og aðra hugsanlega virkjunarkosti í Ísafjarðardjúpi, við öll byggðarlög á Vestfjörðum. Virkjun Hvalár verður þannig forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu um leið og afhendingaröryggi raforku er tryggt.

3. Staða ofantalínna verkefna

B.1. Vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60. Staða vegagerðar um Gufudalssveit veldur íbúum Vestfjarða áfram vonbrigðum. Málið er engu að síður á hreifingu en að ósk sveitarstjórnar Reykhólahrepps er verið að kanna mögulega veglínu um svokallað leið R. Formaður nefndarinnar og sviðstjóri Byggðarsviðs Vestfjarðarsofu fóru á fund hreppsnefndar Reykhólahrepps þann 17 júlí í sumar, þar sem farið var yfir stöðu mála. Hvort sem leið-R verður talin álitleg eða ekki, þá er það mat meirihluta nefndarmanna að varfærni heimamanna í Reykhólahreppi sé betri en fljótfærni. Málið er á hreifingu í rétta átt, faglega staðið að málín og allt reynt til að koma í veg fyrir að ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis, lendi í áralöngum kærufelrum.

Samkvæmt drögum að fjögura ára Samgönguáætlun er tryggt fjármagn í framkvæmdir í Gufudalssveit á árunum 2019 – 2022 upp á 6,7 milljarða króna. Enn standa því vonir til þess að framkvæmdin fari í útboð fyrripart árs 2019.

B.2. Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hófust haustið 2017 og ganga vel. Ekkert bendir því til annars en að þau verði opnuð samkvæmt áætlun á árinu 2020.

Hönnun á nýjum vegi um Dynjandisheiði er langt komin. Tillaga um matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum vegna nýs vegar um heiðina, var samþykkt af Skipulagsstofnun um miðjann september sl. Drög að fjögura ára Samgönguáætlun, eru hinsvegar gríðarleg vonbrigði, en samkvæmt þeim má fyrst búast við fjármagni í nýjann veg um heiðina, á árinu 2020 og miðað við þær upphæðir má reikna með að framkvædir taki mjög mörg ár.

B.3. Ný vegur er kominn yfir Bjarnafjarðarháls og búið er að reisa nýja brú yfir Bjarnafjarðará, en eftir er að tengja þetta tvennt. Nýja brúin stendur því enn, engum til gagns !

Búið er að vísa nýjum vegi um Veiðileysuháls langt inn í framtíðina. Samkvæmt drögum að fjögurra ára Samgönguáætlun, er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í veginn fyrr en á árinu 2022 og ekki er að sjá að framkvæmdin sé að fullu fjármögnuð fyrr en á tímabilinu 2024-28.

B.4. Töluberð vonbrigðum olli sú ákvörðun að hefja ekki framkvæmdir við endurbýggingu stofnvega með einbreiðu slitlagi nú í sumar sem leið, eins og boðað hafði verið. Verulega aðkallandi er að taka kaflann um Seyðisfjörð og yfir í Hestfjörð. Samkvæmt drögum að fjögurra ára Samgönguáætlun, er gert ráð fyrir 550 milljónum í verkefnið á árinu 2019.

B.5. Af einbreiðum brúm er ekkert að fréttu ! Eftirfarandi setningar er þó að finna í drögum að fjögurra ára Samgönguáætlun: „Fækka einbreiðum brúm á vegum með yfir 200 bíla meðalumferð á dag allt árið.“

„Fjárveiting er ætluð til að breikka eða skipta út einbreiðum brúm. Á þjóðvegum eru 686 einbreiðar brýr og þar af eru 39 einbreiðar brýr á Hringveginum. Miðað er við að þeim fækki um níu á tímabilinu.“

Engin trygging er samt fyrir því að nein brú á Vestfjörðum fari í uppfærslu. Ef fjöldi brúa á ári verður sá sami í framtíðinni, mun taka yfir 70 ár að ljúka verkefninu.

B.6. Áfram þarf að berjast fyrir því að Álftafjarðargöng komist inn á Samgönguáætlun. Jákvaðu fréttirnar eru þó þær, að í sumar voru boraðar rannsóknarholur til að kanna jarðög á mögulegum munnastæðum.

C. Best að segja sem minnst um þennan lið. Af orðum fjármálaráðherra má dæma, að jarðög á Íslandi séu orðin nógu mörg. Jarðfræðirannsóknir sem fram fóru í sumar, vegna hugsanlegra Álftafjarðagangna, komu úr viðaukasamningi við Sóknaráætlun Vestfjarða á grunni tillagna starfshóps forsætisráðherra sem vann aðgerðaráætlun í svokallaðri *Vestfjarðaskýrslu* árið 2016.

D & E. Fjarskiptamál

„Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu.“ Pannig hljómar samþykkt frá 60. Fjórðungsþingi um uppbyggingu ljósleiðaranets og hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum.

Þróunin í þessum málaflokki hefur verið jákvæð undanfarin ár og tölувert hefur áunist.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er orðinn að veruleika. Ljósleiðari úr Brú í Hrútafirði, um Hólmavík og þaðan um Djúp til Súðavíkur er kominn í gagnið og er örugg varaleið fjarskipta frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum, að undanskildu Drangsnesi sem enn er ótengt.

Ljósleiðaratengingum á lögbýlum er lokið sunnan Hólmavíkur. Á Hólmavík er nú ljósnet, sem er ljósleiðara í stöðina og kopar þaðan að notanda (aukin bandvídd). Lagning norðan Hólmavíkur er hafin og Kaldrananeshreppur bíður eftir því að Strandabyggð klári svo hægt sé að tengja frá Geirmundastöðum. Stengurinn er komin yfir Bjarnafjarðarháls að brúnni í Bjarnarfirði en tafir á verklokum í vegagerð er að tefja lagningu á ljósleiðara.

Byrjað er að leggja ljósleiðara milli bæja í Bjarnafirði frá áðurnefndri brú og í framhaldinu er ætlunin að tenging alla leið að Drangsnesi á næsta ári.

Vinna við að leggja ljósleiðara að öllum lögbýlum í Reykhólahreppi hófst á vordögum 2017 og miðar vel. Plæging er lokið á svæði 1, frá Miðhúsum út Reykjanes og niður í Þörungaverksmiðju og á því svæði geta heimili og fyrirtæki tengst ljósleiðara. Reykhólaþorp er markaðssvæði. Á svæði 2, Miðhús - Gilsfjörður -Þorskafjörður er plægingu að mestu lokið, eftir eru fjögur heimili þar sem plægja á jarðstreng með ljósleiðaranum en Orkubúið hefur óskað eftir fresti á framkvæmdum til næsta árs. Nú í október er gert ráð fyrir að tengivinna hefjist á svæði 2 og samband verði komið á fyrir áramót. Náðst hafa samningar um aðgang að „Natóstrengnum“ sem liggur frá Reykjanesi yfir á Skálanes og með því opnast möguleikar á að leggja ljósleiðara á bæ í Gufudalssveit og er vinna að hefjast við plægingu frá Skálanesi að Gufudal nú í haust en Djúpidalur kemst í 100 mb samband gegnum örbylgju á næstunni en stefnt er á að leggj ljósleiðara þangað líka á næstu misserum. Búið er að tengja öll lögbýli og sumarbústaði að þremur undanskildum í Ísafjarðardjúpi í innanverðum Súðavíkurhreppi, með ljósleiðara. Verið er að kanna tengimöguleika í notenda í Súðavík.

Ísafjarðarbær og Snerpa hafa verið í verkefni að tengja lögbýli og hefur Dýrafjörður verið á verkefnistanum þetta árið. Búið er að plægja milli bæja í norðanverðum firðinum og tengja nokkra bæi. Á Patreksfirði hefur verið unnið í að tengja ljósleiðara í Grunnskólann, bæjarskrifstofur og sjúkrahúsið.

Um stöðu annara sveitarfélaga hefur nefndin ekki greinargóðar upplýsingar. Nefndin vill ítreka við forsvarsmenn sveitarfélaga, að fjarskiptamál er eitt af áhersluverkefnum í Sóknaráætlun undir heitinu Vestfirðir ljóstengdir. Ráðgjöf og aðstoð stendur því til boða af starfsmönnum Vestfjarðastofu. Jafnframt er mjög mikilvægt að sveitarfélög búi til áætlun um ljósleiðaratengingu í sínum sveitarfélögum og sendi inn umsókn í Fjarskiptasjóð í verkefnið Ísland altengt.

F. Áætlunarflug eru almenningssamgöngur

Sjónarmiðum vestfirðinga er haldið á lofti á öllum fundum, um að áætlunarflug sé eini raunhæfi valkosturinn þegar talað er um almenningssamgöngur við aðra hluta landsins. Jafnframt er sífellt minnt á þá kröfu að auka þjónustuna á Bíldudal, með tveimur flugum einn dag í viku.

G. Almenningssamgöngur

Málflokkurinn almenningssamgöngur hafa legið þungt á nefndinni undanfarin misseri.

Þar sem almenningsamgöngur eru samreknar að hluta til með samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og á Norðurlandi vestra, var stofnað hlutafélag um þann hluta rekstrarins á síðasta ári, NVB ehf. Var það gert til að ábyrgð af þeim samrekstri lægi ekki eingöngu hjá einu sambandi sveitarfélaga eða hjá sveitarfélögunum.. Málflokkurinn hefur verið rekinn með tapi, vegna þess að fjárveitingar frá ríkinu í málflokkinn hafa ekki staðist tönn verðlagshækkana.

Samningur landshlutasantakanna við Vegagerðina hefur verið ræddur oft og ítarlega, en hann rennur út 31. desember á þessu ári. Ákveðið var að segja upp samninginum og var það tilkynnt

sjórnvöldum með löglegum fyrirvara. Öll önnur landshlutasamtök að einu undanskyldu, sögðu upp samninginum.

Mikil vonbrigði eru með viðbrögð stjórnvalda við uppsögn samningsins, en tómlæti er trúlega skársta lýsingarorðið á viðbrögðunum. Reiknað er með einhverri viðbót í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár, en sú viðbót dugar einungis fyrir um helming af tapinu á málaflokknum. Lítill ástæða virðist því vera til bjartsýni á áframhaldi verkefnisins, en lítilsháttar samskipti eru þó í gangi við Vegagerðina.

H. Vistvænar samgöngur.

Það er nú ekki hægt að segja að nefndin hafi verið upptekin af þessu atriði í stefnumörkun FV. Ríkisvaldið er það hinsvegar og hafa ábendingar og skilaboð frá nefndinni og starfsmönnum því helst beinst að þrennu; að vegakerfið sé boðlegt fyrir bifreiðar almennt, að þjónusta og hleðsla nýorkubifreiða verði byggt upp á svæðinu og að skattaafsláttur sem hugsaður sé til að hvetja landsmenn til orkuskipta verði enn til staðar þegar innviðir á svæðinu bjóða upp á slík ökutæki.

I. Lenging ferðamannatímans.

Eitt af markmiðum nefndarinnar, eru úrbætur á vegum að helstu ferðamannaperlum fjórðungsins. Ítrekað í öllum álitum nefndarinnar, en kanskí ekki aðal efni á fundum með stjórnvöldum.

J. Fjölgun erlendra ferðamanna.

Þetta atriði telja menn að hangi á sömu spítu og almennar samgöngur innan og til Vestfjarða. Þjóðvegur 2, hringvegur um Vestfirði verður að veruleika þegar vegaframkvæmdum verður lokið á Vestfjarðavegi.

K. Raforkumál

Á fundi stjórnar FV haustið 2017, var borin upp sú tillaga að FV hefði frumkvæði að kalla saman fund, til að ræða tillögu að flutningskerfi raforku á Vestfjörðum í tengslum við uppyggingu nýrra vatnsaflsorkuvera. Framkvæmdastjóri upplýsti þá að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefði fyrr í vikunni átt fund með orkufyrirtækjum um orkumál á Vestfjörðum. Þar hefði sambærileg tillaga um flutningskerfi raforku á Vestfjörðum verði sett fram. Formaður lagði til að tillaga Sigurðar verði samþykkt og samgöngu og fjarskiptanefnd taki málið til umfjöllunar. Í framhaldi af því hafa formaður og framkvæmdastjóri FV setið nokkra fundi með orkufyrirtækjunum, auk þess sem unnið hefur verið með sérfræðingum á svíði raforkuflutnings, að gerð áætlunar um hringtengingu Vestfjarða. All nokkur vinna er enn eftir í skýrslugerð, en mikill ávinningur er að vera með sérfræðing til taks, í öllum samtlum við Landsnet.

Ástæða er til að vera vongóður um framhaldið, þar sem nýleg lög um Landsnet setja fyrirtækinu þá skildu að tengja alla þéttbýlisstaði með svokölluðum $n-1$ tengingu, sem jafngildir tengingu frá aflgjöfum úr tveimur áttum.

4. Samgönguáætlun 2019-2023.

Á fundi nefndarinnar þann 25 september 2018 var lögð fram kynning á samgönguáætlun sem samgönguráðherra kynnti fjölmiðlum þann 21. september s.l.. Sjálf áætlunin er enn til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokka og verður lögð fram á Alþingi í október n.k.

Fyrir fundinn var jafnframt lögð fram til kynningar, bókun Vestfjarðastofu frá stjórnarfundi sem haldinn var tæpri viku áður og er svohljóðandi;

„Stjórn Vestfjarðastofu lýsir þungum áhyggjum á framkomum upplýsingum úr nýrri þingsályktun um samgönguáætlun og telur með öllu óásættanlegt að seinka enn á á ný vegaúrbætum á Vestfjörðum, úrbótum sem áður hafa verið samþykktar af Alþingi. Atvinnulífi á Vestfjörðum er í verulegum vexti og skapar í dag og mun til framtíðar skapa mikil útflutningsverðmæti sem nauðsynleg eru til að tryggja hag þjóðarbúsins. Seinkun á vegaframkvæmdum mun hamla þessu vexti og þar með draga úr framtíðartekjum, en þá jafnframt tekjum sem nýta má til vegaframkvæmda. Því er hér ekki horft til heildarhagsmunu þjóðarbúsins.“

Á fundinum tók Samgöngunefnd FV undir bókun stjórnar Vestfjarðastofu. Samgöngunefnd leggur síðan áherslu á að settar séu faglegar forsendur fyrir vali á samgönguverkefnum. Gagnsæi verði að vera í vali á verkefnum og forði þannig umræðunni frá pólitík innan svæða og milli kjördæma. Slík umræða skilar engu, nema sem tylliástæða fyrir stjórnvöld til að fresta verkefnum.

Samgöngunefnd FV vill síðan sérstaklega áréttu þá skammarlegu framkomu stjórnvalda gagnvart íbúum Árneshrepps, að láta fjölmiðlum eftir að tilkynna frestun framkvæmdum við Veiðileysuháls. Íbúar sveitarfélagsins eiga rétt á því að stjórnvöld mæti þeim á heiðarlegan og opinn hátt varðandi lykilþætti er varða framtíð búsetu í Árneshreppi.

5. Lokaorð

Fyrir hönd Samgöngunefndar FV vill undirritaður þakka fyrir samstarfið í málaflokknum undanfarið ár. Það verður þó að segjast að bjartsýni undirritaðs er heldur minna þessa síðustu daga, en hún var framan af ári. Orðið langlundargeð er eiginlega hætt að vera nægjanlega lýsandi.

Vestfirðingar hafa aldrei beðið um einhvað forskot á aðra landshluta, heldur fyrst og fremst að standa jafnfætis öðrum landsmönnum þegar kemur að tengingu við umheiminn. Kröfurnar eru að ástand fjarskipta, raforku og samgangna, séu ásættanlegar !

Það er ekki náttúrulögð að Vestfirðir séu með lökustu innviði á landinu, það er ákvörðun stjórnvalda um aðgerðaleysi. Sú ákvörðun færir vestfirðingum þá upplifun að þeir séu ekki fullgildir þegna íslenska lýðveldisins.

Úrbætur á innviðum Vestfjarða, nútímaleg grunnþjónusta og aukinni samkeppnifærni Vestfjarða, eflir ekki bara Vestfirði, heldur allt Ísland. Ísland þarf á Vestfjörðum að halda til framtíðar til aukinnar gjaldeyrissköpunar, en spurningin er þurfa Vestfirðir á Íslandi að halda !

Sigurður Hreinsson, formaður.